



Borgarráð

Efni: Tillaga um flutning á stofnframlagi

Borgarráð Reykjavíkurborgar samþykkti þann 29. júní 2017 umsókn Bjargs íbúðarfélags hses. um stofnframlag vegna byggingar húsnæðis með 52 íbúðum við Nauthólsveg í Reykjavík fyrir tekju- og eignarlága á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir.

Hinn 22. janúar 2018 óskaði Bjarg eftir því að stofnframlag samkvæmt framangreindri umsókn fái að færast af því verkefni sem skipulagt var á Nauthólsvegi yfir á annað verkefni. Beiðni er reist á því að í deiliskipulagi Reykjavíkurborgar er ákvæði um að hluti byggingarinnar við Nauthólsveg skuli nýttur sem atvinnuhúsnæði og ekki hefur fengist heimild til breytinga á deiliskipulagi til fjölgunar íbúða í stað atvinnuhúsnæðis. Bjarg íbúðarfélag hyggst færa stofnframlagið af Nauthólsvegi yfir á verkefni vegna byggingar fjölbýlishúsnæðis fyrir tekju- og eignarlága á reit C á skipulagssvæði að Bæjarháls í Hraunbæ og hefur félagið fengið lóðavilyrði frá Reykjavíkurborg.

Íbúðarlánasjóður samþykkti beiðni Bjargs íbúðarfélags um flutning stofnframlags með bréfi dags. 22. janúar 2018 með þeim fyrirvara að Reykjavíkurborg samþykki flutninginn.

Matsnefnd um veitingu stofnframlaga leggur til að borgarráð samþykki beiðni Bjargs íbúðarfélags um flutning stofnframlagi frá Nauthólsvegi yfir á verkefni að Bæjarhálsi með þeim ófrávíkjanlegum skilyrðum um að allar breytingar sem verða á byggingaráformum fari í gegnum matsferli hjá matsnefnd Reykjavíkurborgar vegna stofnframlaga og að allar þær kröfur sem liggja til grundvallar afgreiðslu umsóknar í upphaflegu umsóknarferli séu uppfylltar, s.s. staðfesting á úthlutun lóðar, mat á viðskiptaáætlun, hagkvæmni og hugvitssemi, byggingarkostnaður verkefnisins o.fl.

F.h. matsnefndar Reykjavíkurborgar vegna veitingu stofnframlaga

Birgir Björn Sigurjónsson